

## Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags skipstjórnarmanna

Fundur var haldinn miðvikudaginn 13. október 2021 vegna uppfærslu á heildarkjarasamningi aðila frá 2019 til 2023. Samskipti fóru fram í tölvupóstum.

Fyrir hönd Félags skipstjórnarmanna: Árni Sverrisson og Páll Ægír Pétursson.

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi var samþykkt:

#### 1. Grein 1.5.1 um yfirvinnu

Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist og hljóði svo:

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum.

*Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist á samningstímanum. Ofangreint gildir til 30. september 2020 varðandi dagvinnufólk og til 30. apríl 2021 hjá vaktavinnufólki. Sjá fylgiskjal 2 og 3.*

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á grein 1.5.1 þeirri dagsetningu.*

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1: kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram fullt starf skv. gr. 2.1.1.

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á gr.1.5.1 breyttri dagsetningu.*

*Starfi félagsmaður hjá sama sveitarfélagi á fleiri en einni starfseiningu eða stofnun skal við útreikning á yfirvinnu 1 og 2 miða við heildarstarfshlutfall hjá viðkomandi sveitarfélagi eins og um eitt starf væri að ræða.*

## 2. Grein 2.1.1 um vinnuviku

Grein 2.1.1 um vinnuviku breytist og hljóði svo:

- 2.1.1 Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi er 40 stundir nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið, sbr. fylgiskjal 2 og fylgiskjal 3 sem fjallar um vinnutíma vaktavinnufólks.

*Með sérstöku samkomulagi meirihluta starfsfólks á viðkomandi sveitarfélags/stofnunar/vinnustaðar má aðlagja vinnutíma að þörfum stofnunar og starfsfólks og stytta vinnuvikuna um allt að 4 stundir á viku. Samhliða því verður grein 3.1 í kjarasamningi óvirk. Sjá nánar í fylgiskjali 2.*

## 3. Grein 1.2.1 um eingreiðslur á samningstímanum

Grein 1.2.1 um eingreiðslur á samningstímanum breytist og hljóði svo:

- 1.2.1 Engar eingreiðslur á samningstímanum.

Fleira ekki gert, fundi slitið.